



Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ

Reykjavík, 9. febrúar 2023.

Efni: Umsögn samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ vegna tillögu um leikmanns- og sambandssamninga (Þingskjal 13).

Lagðar eru til efnislegar breytingar á skilgreiningum reglugerðarinnar á áhugamannasamningi og leikmannasamningi. Í skilgreiningu á leikmannasamningi er bætt við að samningurinn sé launþegasamningur og beri félag ábyrgð á því að greiða skatt og lauantengd gjöld „samkvæmt landslögum um launagreiðslur“. Í skýringum í greinargerð með tillögunni er gert ráð fyrir að sett verði lágmarkslaun í efstu tveimur deildum karla og kvenna.

Fram að þessu hefur verið allur gangur á því hvort samningar við leikmenn eru launþegasamningar eða samningar um verktöku. Samninga- og félagaskiptanefnd hefur í úrskurðum lagt áherslu á að leikmannasamningar þurfi að vera skýrir að þessu leyti. Í vafatilvikum hefur nefndin byggt á því skýringarsjónarmiði að félag verði látið bera halla af óskýrleika.

Samninga- og félagaskiptanefnd telur fyrirhugaða tillögu varhugaverða af praktískum ástæðum og að hún sé til þess fallin að vera íþyngjandi fyrir félög. Með tillögunni er samningsfrelsi takmarkað mjög verulega án þess að fyrir því séu knýjandi rök. Mjög mismunandi er hvort það henti aðilum að gera launþega- eða verktakasamning og telur nefndin varhugavert að breyta núverandi fyrirkomulagi að því leyti, nema þá að félögin séu sammála um slíka stefnubreytingu.

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ